| | |
|---|---|
| **Kennari** | Borghildur Ína Sölvadóttir (BÍN), ina@vma.is |

## Áfangalýsing:

Í áfanganum vinna nemendur með hugtökin rými, tvívídd, þrívídd, ljós og skuggi auk annarra hugtaka sem tengjast skúlptúrum og þrívíðum verkum. Leitast verður við að tengja aðferðir textíla og þrívíða vinnu og nemendur skoða hvernig koma má tvívíðum skissum í þrívítt form. Unnið verður með ýmis efni s.s., garn, ullarflóka, vír, léreft, pappír o.fl. Nemendur skulu halda utan um skissur, hugmyndir, prufur og þróunarvinnu sína og setja fram með skipulögðum hætti. Auk þessa vinna nemendur rannsóknarverkefni í hópum sem þeir kynna fyrir samnemendum sínum.

## Markmiðið er að nemendur

- geti komið tvívíðri hugmynd yfir í þrívídd
- geti notað aðferðir textílvinnu og ýmsar gerðir efna við útfærslu ólíkra þrívíðra verka
- hafi gert tilraunir með þrívíð form
- hafi unnið rannóknarvinnu sem nýtist í hugmyndavinnu þeirra

## Námsgögn:

Nemendur þurfa að hafa möppu til að halda utan um skissur, minnispunkta, tilraunir, prufur og hugmyndavinnu. Auk möppunnar þurfa nemendur að hafa verkfæri til skissuvinnu s.s. mismunandi blýanta, penna, pensla, blek o.s.frv. Ef nemendur vilja nota eitthvað sértækt efni við útfærslu verka sinna þá þurfa þeir að skaffa það sjálfir. Athugið að myndavél getur verið mjög gagnleg til skrásetningar tilrauna.

Ítarefni frá kennara s.s. ljósrit, listaverkabækur, -blöð og ljósmyndir.

## Áætlun um yfirferð:

| | | |
|---|---|---|
| VIKA 2 | Kynning á áfanga | Rannsókn 1 |
| VIKA 3 | Tilraunir með grunnform | Rannsókn 1 - Kynning |
| VIKA 4 | Verkefni 1 - *Þræðir* | Verkefni 1 - *Þræðir* |

| | | |
|---|---|---|
| VIKA 5 | Verkefni 1 - *Þræðir* | Verkefni 1 - *Þræðir* |
| VIKA 6 | Verkefni 1 - *Þræðir* | Verkefni 1 - *Þræðir* |
| VIKA 7 | Verkefni 1 - *Þræðir* | Rannsókn 2 |
| VIKA 8 | Verkefni 2 - *Fletir* | Rannsókn 2 - Kynning |
| VIKA 9 | Verkefni 2 - *Fletir* | Verkefni 2 - *Fletir* |
| VIKA 10 | Verkefni 2 - *Fletir* | Verkefni 2 - *Fletir* |
| VIKA 11 | Verkefni 2 - *Fletir* | Verkefni 2 - *Fletir* |
| VIKA 12 | Lokaverkefni | Heimsókn |
| VIKA 13 | Lokaverkefni | Lokaverkefni |
| VIKA 14 | *Páskafrí* | *Páskafrí* |
| VIKA 15 | *Páskafrí* | Lokaverkefni |
| VIKA 16 | Lokaverkefni | Lokaverkefni |
| VIKA 17 | Lokaverkefni | Lokaverkefni |

| **Námsmat:** | **Vægi einstakra námsþátta:** | |
|---|---|---|
| Áfanginn er próflaus, símatsáfangi og þess vegna er 100% mætingar krafist af nemendum. Nemendur skulu skila ljósmyndum af verkum sínum, öllum skissum, minnsipunktum, tilraunum, prufum og hugmyndavinnu í möppu. Athugið að hafa frágang vandaðann og að mappan sé aðgengileg. | *Tilraunir með grunnform*<br>*Rannsóknir 1 og 2*<br>*Verkefni 1 og 2*<br>*Lokaverkefni*<br>*Skissubók*<br>*Mæting, umgengni og vinnusemi* | **5%**<br>**10%**<br>**40%**<br>**25%**<br>**10%**<br>**10%** |

*Ath. Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótt verkefni nemenda í eitt ár án ábyrgðar. Síðan er þeim fargað.*

Með fyrirvara um breytingar.

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara** **Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**